



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 14. ágúst 2023
MÍ202308-0052/ 6.09 / 0875 & 6680

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Smiðjuvegur 7, Kópavogi - Deiliskipulagsbreyting

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 8. ágúst 2023, þar sem Kópavogsbær óskar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna breytingar á deiliskipulagi, mál nr. 0470/2023. Meðfylgjandi erindinu var kynningaruppráttur unnin af skipulagsdeild Kópavogsbæjar og Rýmu arkitektum dags 17.04.2023. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að byggja viðbyggingu til norðurs á einni hæð, en við undirbúning að framkvæmdunum kom í ljós að lengra er niður á klöpp en búist var við. Í breytingunni sem nú er til umsagnar felst að neðri hæð viðbyggingarinnar á norðurhlið hússins verði nýtt og komið fyrir tveimur hurðum ásamt leiðréttingu á fermetrafjölda.

Fyrir liggur *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar á lóðinni.

Ekki liggur fyrir húsaskráning á umræddu svæði. Iðnaðarhúsnaðið Smiðjuvegur 7 var reist árið 1971 eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar og fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi fyrir Smiðjuveg 7.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

